

HVAÐ ER RISOGRAPH?

Risoprentun byggist á að yfirfæra myndverk á stensil. Viðeigandi litatromla er sett í prentvélinu sem útbýr stensill/master á filmu úr bananatrefjum og vefur honum svo utan um tromluna. Þegar prentað er færast pappírinn flatur undir tromluna sem snýst og þrýstir farvanum/litnum í gegnum stensilinn og færir þannig myndverkið á pappírinn. Einn litur er prentaður í einu í mikilli upplausn (600dpi). Ef nota á fleiri liti þarf að skipta út tromlu og pappírinn er settur aftur í gegnum vélina. Fyrstu Riso prentvélnar komu á markað á áttunda áratug síðustu aldar og hafa verið notaðar til fjölföldunar í stórum stofnunum, kirkjum og skólum um allan heim. Á síðustu árum hafa hönnuðir, ljósmyndarar, teiknarar og myndlistarmenn tekið prentækninni fagnandi með sínum hreinu litum, miklu upplausn og einstakri útkomu.

UMHVERFIÐ

Prentfarvinn er unnin úr olíu sem unnin er úr hrísgrjónahíði og inniheldur engin VOC * efni sem gerir Risograph einni umhverfisvænustu prentaðferð í heimi. Svo er masterinn/stensillinn unninn úr bananatrefjum:D

* VOC- Volatile Organic Compounds. óstöðug lífræn efnasambönd eins og t.d. bensín og mynda óhollar gufur við þornun. VOC efni má meðal annars finna í málningu, úðabrusum, lími og skordýraeitri.

LITIR

Við erum með 7 liti á lager - rauðan, grænan, bláan, gulan, appelsínugulan, gylltan og svartan (sjá meðfylgjandi litaprufu). Riso blek hefur hálf gagnsæjan eiginleika sem gerir það að verkum að skemmtilegt er að blanda við aðra liti (sjá litaspjald). Einnig er hægt að leika sér að mismikilli þekju. 25% þekja af rauðum verður þannig ljósbleikur á meðan 100% rauður verður eldrauður.

RGB 0, 120, 191 PANTONE 3005 U	100%	50%	25%
RGB 228, 93, 80 PANTONE 485 U	100%	50%	25%
RGB 255, 116, 119 PANTONE 805 U	100%	50%	25%
RGB 255, 232, 0 PANTONE YELLOW U	100%	50%	25%
RGB 0, 169, 92 PANTONE 354 U	100%	50%	25%
RGB 172, 147, 110 PANTONE 872 U	100%	50%	25%
RGB 0, 0, 0 PANTONE BLACK U	100%	50%	25%


“REGISTRATION”

Við náum að staðsetja prentið nokkuð nákvæmlega. En þegar við prentum fleiri en einn lit og pappírinn fer oftar en einu sinni í gegnum vélina þá fyrst fer þetta að verða spennandi. Því að við náum aldrei að staðsetja prentið á nákvæmlega sama stað og fyrri lit.



LITAGILDRA

Hægt er að lágmarka áhrif af ófullkominni “registreringu” með því að beita litagildra. Litagildra eða trapping snýst um það að bæta við grafíkina svo hún skarist undir/yfir aðra grafík og þá um leið sleppa við “göt” eða hvíta fleti sem ekki eru partur af grafíkinni.




ÞEKJA

Þekja = prósentuhluti af svörtum í prentskjali. prentskjal í 10% svörtum verður þannig að 10% rauðum (ljós ljós bleikum) þegar prentað er með rauðum. Prentskjal í 100% svörtum verður 100% rauður, eða eldrauður. Forðast skal stór svæði með mikilli þekju (80%-100%) sem geta þá smitað farva um prentið og orsakað pappastíflur. Sérstaklega á þetta við um svæðið þar sem pappírsfæðarahjólíð (já það er orð) liggur - sjá mynd.



LETUR OG LÍNUR

Letur undir 14 pt., fínar línur eða önnur smáatriðiðsgrafík skulu alltaf vera í vektorum og í “registration” svörtum.



Þegar letur er orðið stærra en 14 pt er betra að nota venjulegan svartan (100% K) til að forðast klessur.

Í öllum bænum ekki nota Photoshop fyrir letur því að það á þá á hættu að verða „pixelerað”.

STÆRÐ

Riso ræður við pappír í stærðinni 300x432 mm eða rétt rúmlega A3 stærð.

ATH! Hámarksprentflötur sem vélin ræður við er 291x413mm og því getum við ekki prentað A3 með blæðingu.

Til að prenta A4 með blæðingu þarf að setja það upp og prenta á A3 og skera svo.

PAPPÍR

Riso ræður ekki við glanspappír heldur prentum við á mattan pappír í 46-250 gsm. (300 gsm aðra hlið)

Mest höfum við prentað á Munken Lynx, kvistpappír, Munken Eco Vanilla og Munken pure rough. Erum með pappír á lager en hægt að sérpanta pappír eða koma með sinn eigin.

LJÓSMYNDIR

Ljósmyndir í pdf skulu vera á jpeg formati, svarthvítar (grayscale).

Það er ekki nauðsynlegt að “halftone-a” eða “rasta” myndir, Riso-vélin sér um það sjálfkrafa en hægt er að velja stærð rasta (sjá myndaspjald og mismunandi stillingar). Ef rastastærð er ekki tekin fram við skil, verður notast við rastastærð 70

VARÚÐ

Ekki nota effecta í InDesign. Ekki nota transparency.

SKIL Í PRENT

Hverjum lit þarf að skila sér í svarthvítu í pdf skjali - eitt skjal fyrir hvern lit.

Passa skal að nefna skjalið með litnum sem á að prenta. T.d. “plakat_jon_raudur” og “plakat_jon_svartur”.

Vinsamlegast sendið okkur jpeg/ skjáskot í lit af grafíkinni sem viðmið fyrir prentun.

Risoprent er eins og lífið . . . ekki fullkomið og akkúrat þess vegna svona skemmtilegt og falllegt. Prentið skilar sér ekki eins og það kemur fyrir á tölvuskjánum eða úr stafrænum prentvél. Staðsetningin er bara um það bil 99% rétt og eins getur prentþekjan verið mismunandi á milli eintaka. En það er einmitt dásæmin við risoprentið!

Eitthvað óljóst? hafðu þá endilega samband í síma 546 89225 eða riso@farvi.is

FARVI